

## LÖG

### um breytingu á ýmsum lögum vegna aðgerða gegn skattundanskotum og skattsvikum (hert skatteftirlit og skattrannsóknir, aukin upplýsingaöflun o.fl.).

#### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### I. KAFLI

##### Breyting á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum.

###### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 55. gr. laganna:

- a. Á eftir 1. másl. 1. mgr. kemur nýr málsliður sem orðast svo: Sama gildir um fastar starfsstöðvar hlutafélaga og einkahlutafélaga í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr.
- b. Á eftir orðunum „dótturfélög“ og „dótturfélagi“ í 3. másl. 1. mgr. kemur: eða fasta starfsstöð; og: eða lokun fastrar starfsstöðvar.
- c. Á eftir 4. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:  
Tap í fastri starfsstöð skv. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. er aðeins frádráttarbært hjá íslensku félagi að ekki sé unnt að jafna tapið hjá erlendu félagi föstu starfsstöðvarinnar.

#### II. KAFLI

##### Breyting á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, með síðari breytingum.

###### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „starfsmannaleigan“ í 3. mgr. kemur: eða annar aðili sem leigir út vinnuafl.
- b. Á eftir orðinu „Starfsmannaleiga“ í 1. og 2. másl. 4. mgr. kemur: eða annar aðili sem leigir út vinnuafl.
- c. Á eftir orðinu „starfsmannaleigu“ í 3. másl. 4. mgr. kemur: eða annars aðila sem leigir út vinnuafl.

#### III. KAFLI

##### Breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

###### 3. gr.

Á eftir 5. gr. A laganna kemur ný grein, 5. gr. B, svohljóðandi:

Erlent atvinnufyrirtæki með heimilisfesti eða fasta starfsstöð erlendis, sem selur þjónustu sem veitt er rafrænt, fjarskiptaþjónustu eða útvarps- og sjónvarpsþjónustu til annarra en at-

